

Nd.

551. Nefndarálit

[156. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta hefur inni að halda eftirfarandi efnisbreytingar á l. nr. 42/1957:

1. Húsnæðismálastjórnarmönnum er fjölgað úr 4 í 5.
2. Kjörtímabil húsnæðismálastjórnarmanna er lengt úr 3 árum í 4 ár.
3. Hámarkslán byggingarsjóðs ríkisins eiga að hækka úr 100 þús. kr. í 150 þús. kr. á íbúð, og heimild Landsbanka Íslands til útgáfu bankavaxtabréfa er hækkuð úr 100 millj. í 150 millj. kr. á ári.
4. Ríkissjóður leggi árlega fram jafnháa fjárhæð og sveitarfélögin ákveða til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum í stað 4 millj. kr. á ári í núgildandi lögum. Sveitarfélög skulu eiga rétt til að fá helming ríkisframlagsins útborgaðan, þegar hinar nýju íbúðir eru fokheldar, í stað þess að framlagið er skv. núgildandi lögum greitt, þegar nýja íbúðin er fullgerð og afhent kaupanda eða leigjanda.

Breytingar þessar eru ekki veigamiklar. Í frv. er ekki nein ákvæði að finna, er tryggji byggingarsjóðnum auknar tekjur frá því, sem er, þannig að hægt verði að standa undir aukinni tekjubörf hans vegna hækkunar hámarkslánsins úr 100 þús. kr. í 150 þús. kr. Þetta er höfuðgalli frumvarpsins. Ég tel það tvímælalaust rétta stefnu að efla sjálfstæðan lánasjóð til íbúðabygginga á vegum hins opinbera og tryggja honum fasta árlega tekjustofna umfram það, sem gert var með l. nr. 42/1957. Það eitt getur skapað þá festu og það öryggi í þessari lánastarfsemi, sem nauðsynlegt er og mundi, auk annars, geta lækkað verulega byggingarkostnaðinn með því að stytta byggingartímann frá því, sem er.

Aðrar breytingar, er frv. þetta hefur í för með sér, eru svo smávægilegar, að óþarft er að rekja þær. Þó ber að fagna þeirri breytingu, sem er að finna í 4. gr. frv., því að hún er til bóta.

Ég hef leyft mér að flytja tvær breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali.

Fyrri breytingartillagan gerir ráð fyrir því, að byggingarsjóður ríkisins fái nýjan, fastan árlegan tekjustofn, þar sem er 4% af hluta ríkissjóðs vegna innheimts söluskatts af vörusölu og þjónustu innanlands og bráðabirgðasöluskatti af innflutningi (8%). Skv. fjárlögum ársins 1962 mundi tekjustofn þessi hafa gefið tæpar 17 millj. kr., og sennilegt er, að hann fari vaxandi ár frá ári.

Hin síðari er við 3. gr. frv., að í stað 150 þús. kr. komi 200 þús. kr.

Breyting þessi er í samræmi við efni frv., sem ég flutti ásamt fleiri þingmönnum í byrjun þessa þings á þskj. 75. Vísa ég til greinargerðar, er fylgdi því frumv. og sýnir vel sanngirni þessarar breytingartillögu.

Ég er andvígur ákvæði 1. gr. frv., en tel ákvæði hinna greina frv. til bóta, svo langt sem þær breytingar ná.

Alþingi, 30. marz 1962.

Jón Skaftason.